

Umhverfisráðuneytið
Hugi Ólafsson
skrifstofustjóri
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 23. janúar 2012
2012010033/42-0
TB
jgo/tb

Efni: Rannsóknaleyfi á heitu og köldu vatni í Keilisnesi á Vatnsleysuströnd, umsögn

Vísað er til bréfs frá umhverfisráðuneytinu, dags. 10. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Íslenskrar matorku ehf. um leyfi til rannsókna á heitu og köldu vatni á Keilisnesi á Vatnsleysuströnd.

Náttúrufræðistofnun gerir í sjálfu sér ekki athugasemd við að heimilaðar séu rannsóknir á heitu og köldu vatni á framangreindu svæði en telur rannsóknirnar eins og þær eru settar fram geta valdið skaða á ósnertu hrauni og telur því nauðsynlegt að framkvæma þær með öðrum hætti en lagt er upp með. Af þeim gögnum sem hafa borist er nánast ómögulegt að sjá á myndum, vegna lélegra gæða, hvar eigi að bora á Keilisnesi. Þó virðist vera um að ræða svæði sem engir slóðar liggja að og slóða er heldur ekki að sjá á þeim loftmyndum sem stofnunin hefur aðgang að eða skipulagskortum. Einnig eru fyrirhugaðar boranir alfarið utan við iðnaðarsvæðis á aðalskipulagi sveitarfélagsins og inn á verndarsvæði. Í bréfi frá Íslenskri matorku ehf. dags. 12. desember 2011 segir: *Það gæti verið nauðsynlegt að leggja grófan slóða eftir iðnaðarsvæðinu og að umræddu tilraunaborunarsvæði til að hæg sé að koma bortækjum á staðinn. Aftur á móti munu framkvæmdaraðilar leggja áherslu á að tilraunaborun fari fram í janúar - febrúar nk. þegar snjór er yfir jörðu og frost. Með því er hægt að framkvæmda þessa tækjaflutninga án nokkurs jarðrasks. Slóðamyndum verður alltaf sýnileg.* Hér segir annars vegar að tækjaflutningar fari fram án nokkurs jarðrasks og hins vegar að slóðamyndun verði alltaf sýnileg.

Framangreint mál snýst um leyfi til rannsókna en óvist er hvort þær rannsóknir skili árangri og þ.a.l. óvist hvort að það verði af þeim framkvæmdum og þeirri matvælaframleiðslu sem stefnt er að. Hraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Náttúrufræðistofnun getur ekki mælt með rannsóknum sem fara fram með þeim hætti að þær geta valdið varanlegum skemmdum á hraunum sérstaklega þegar bæði er um að ræða verndað svæði og svæði utan skipulags í samræmi við fyrirhugaða landnotkun. Slóðagerð á iðnaðarsvæði þar sem óvist er um deiliskipulag þess svæðis er í raun ekki heldur ásættanlegt. Náttúrufræðistofnun telur því að eingöngu eigi að heimila rannsóknirnar með þeim skilyrðum að tryggt sé að ekki verði varanlegar skemmdir á hrauni vegna slóðagerðar á þeim svæðum þar sem tilraunaboranir eiga að fara fram og að eins litlu verði raskað og mögulegt er eins og



kemur fram í gögnum með erindinu.

Virðingarfallst

Jó - Gunnar Ottósson

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson

Trausti Baldursson

